

Fjallableikja ehf.
Pósthólf 80
222 Hafnarfjörður

Reykjavík, 21. desember 2020
UST202003-297/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 2.12.2020, hjá Fjallableikju ehf.

Þann 2. desember sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Fjallableikju, Hallkelshólum Grímsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en sex frávík komu fram er varða:

1. Starfsleyfi. Starfsleyfi fyrir fiskeldi gefin út af heilbrigðisnefndum geta að hámarki verið fyrir eldi að 20 tonnum með fráveitu í ferskvatn, sbr. þágildandi reglugerð. Framleiðsla árið 2018 var langt umfram það, eða um 85 tonn.
2. Starfsleyfi. Starfsleyfi fyrir fiskeldi gefin út af heilbrigðisnefndum geta að hámarki verið fyrir eldi að 20 tonnum með fráveitu í ferskvatn, sbr. þágildandi reglugerð. Framleiðsla árið 2019 var langt umfram það, eða um 100 tonn.
3. Starfsleyfi. Starfsleyfi fyrir fiskeldi gefin út af heilbrigðisnefndum geta að hámarki verið fyrir eldi að 20 tonnum með fráveitu í ferskvatn, sbr. þágildandi reglugerð. Framleiðsla það sem af er ári 2020 er langt umfram það, eða um 60 tonn þegar eftirlitið fór fram.
4. Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skrá á losun á efnunum frá eldi. Ekki hefur verið mælt eða losun köfnunarefnis og fosfórs frá eldinu reiknuð út.
5. Gr. 2.3 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Rekstraraðila ber að ganga úr skugga um að á öllu athafnasvæði sé gætt fyllsta hreinlætis og allt sem starfseminni tilheyrir skal ekki valda óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta. Plasttankur sem fauk út í settjörn fyrir meira en 2 árum hefur ekki verið fjarlægður og er þar enn þrátt fyrir ábendingu þess efnis í eftirliti 2018.
6. Gr. 2.1, og 2.2 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni til að fyrirbyggja mengun og skal tryggja umhverfisvernd. Bent var á í eftirliti 2018 að fjarlægja skyldi fisk við útrás og í frárennisskurði/settjörnum. Það hefur ekki verið gert, sjá nánar undir umfangi eftirlits.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18. janúar 2021.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands